



## Nám og kennsla nemenda með þroskahömlun

Skýrsla starfshóps um tilhögun náms og kennslu nemenda með þroskahömlun

Hrund Logadóttir, verkefnastjóri á Menntasviði  
Arthur Morthens, ráðgjafi fræðslustjóra  
Rúnar Gunnarsson, sérfræðingur á Framkvæmda- og eignasviði  
Erla Gunnarsdóttir, skólastjóri Safamýrarskóla  
Jóhann A. Kristjánsson, skólastjóri Öskjuhlíðarskóla  
Þorgerður Diðriksdóttir, formaður Kennarafélags Reykjavíkur

**Hrund Logadóttir**  
**12/1/2010**  
**Desember 2010**

## Megintillögur starfshópsins

- *Sameining Safamýrar- og Öskjuhlíðarskóla í nýjan sérskóla:* Starfshópurinn leggur til að sérskólarnir tveir verði lagðir niður í núverandi mynd að loknu þessu skólaári og nýr sérskóli, undir einni yfirstjórn, taki til starfa frá og með skólaárinu 2011 – 2012. Á vorönn 2011 verði unnin drög að nánari stefnumörkun og nýrri skólanámskrá fyrir nýjan sameinaðan sérskóla.
  - *Tillaga til skemmri tíma:* Starfsemi nýs sérskóla verði í húsnæði núverandi Öskjuhlíðarskóla að því tilskyldu að gerðar verði þær breytingar sem nauðsynlegar eru til að nemendur Safamýrarskóla geti stundað þar nám og mögulegt verði að vinna samkvæmt þeim faglegu áherslum sem lagðar eru hér til.
  - *Sýn til framtíðar:* Starfshópurinn leggur til að framtíðarfyrirkomulag sérskóla fyrir nemendur með þroskahömlun verði samkvæmt þeirri hugmynd sem sett er fram um tvíburaskóla í þessari skýrslu.
- *Tillaga um þáttökubekki:* Starfshópurinn leggur til að í stað hefðbundinna sérhæfðra sérdeilda fyrir nemendur með þroskahömlun verði stofnað til þáttökubekkja við nýjan sameinaðan sérskóla að þeirri fyrirmynd sem lýst er í þessari skýrslu og þeim valinn staður við almenna grunnskóla með áherslu á gagnkvæmt samstarf. Undirbúningur fyrsta þáttökubekkjari fari af stað á fyrsta starfsári nýs sérskóla og á næstu árum verði til 4 slíkir þáttökubekkir, einn í hverjum borgarhluta.
- *Ráðgjöf:* Starfshópurinn leggur til að í samstarfi tvíburaskóla, þáttökubekkja og almennra grunnskóla verði lögð áhersla á að byggja upp sérfræðipekkingu og ráðgjöf um nám og kennslu nemenda með þroskahömlun sem fram fer í almennum grunnskólum án aðgreiningar, þáttökubekkjum og sérskóla.
- *Heildarsýn:* Starfshópurinn leggur til að hugmyndir og framtíðarsýn starfshópsins varðandi tvíburaskóla, þáttökubekki og ráðgjöf við almenna grunnskóla verði tekin til heildstæðrar umræðu í starfshópi um endurskoðun sérkennslustefnu borgarinnar. Skýr stefna og sýn til framtíðar verði þannig grundvöllur ákvarðana um fyrirkomulag og starfsemi allra sérúrræða í skólakerfi borgarinnar.

## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	4
Starfshópur – tildrög .....	4
Starfshópur – hlutverk og helstu verkefni .....	5
Starfshópur – starfshættir.....	5
2. Verkefni starfshópsins .....	7
Verkefni 1. ....	7
Verkefni 2. ....	11
Verkefni 3. ....	12
Verkefni 4. ....	13
3. Fylgiskjöl .....	14
1. Tillaga ásamt greinargerð	
2. Samþykkt menntaráðs	
3. Erindisbréf starfshópsins	
4. Minnisblað frá 14. október	
5. Minnisblað frá 23. Október	
6. Umsögn frá mannréttindaskrifstofu	

## 1. Inngangur.

### *Starfshópur - tildrög*

*Starfshópur sem starfaði 2007-2008:* Í maí 2007 var ákveðið í menntaráði að setja af stað markvissa vinnu til að tryggja grunnskólanemendum með þroskahömlun vandað námstilboð í almennum bekk, í sérhæfðri sérdeild og í sérskóla. Til að hrinda þessu verkefni í framkvæmd var settur á laggirnar stýrihópur og þrjú starfshópar sem fjölluðu um þrjár ólíkar námsleiðir fyrir nemendur með þroskahömlun. Stýrihópurinn skilaði heildarskýrslu hópanna ásamt tillögum í júní 2008. Tillögur hópsins hafa enn ekki komið til framkvæmda.

*Starfshópur á vorönn 2010:* Í mars 2010 fór af stað starfshópur um frekari útfærslu tillagna starfshóps frá 2007, um nám nemenda með þroskahömlun. Í þessum starfshópi áttu sæti skólastjórar sérskólanna og sérfræðingar á Menntasviði. Meginverkefni þess hóps var að vinna áætlun um sameiningu Öskjuhlíðar- og Safamýrarskóla ásamt undirbúningi að sérdeild og útfærslu ráðgjafar til almennra grunnskóla. Hópurinn lagði til þrjá mögulega valkosti fyrir nýjan sérskóla. Þessir valkostir voru:

*Valkostur 1:* Nýr sérskóli samkvæmt tillögum starfshóps frá 2008. Húsnæði byggt frá grunni miðað við þarfir nemendahópsins og faglegar áherslur.

*Valkostur 2:* Öskjuhlíðarskóli með breytingum og viðbyggingu. Skólinn er byggður fyrir annan nemendahóp með allt aðrar þarfir og fatlanir en eru í skólunum tveimur í dag. Auk þess er skólinn fullnýttur í dag af þeim nemendum sem þar eru og því ekki nógu mikið rými til að bæta við nemendum Safamýrarskóla sem þurfa fötlunar sinna vegna mikið rými. Því þarf bæði að gera miklar breytingar á núverandi skólahúsnæði, brjóta niður vegg og stækka rými auk þess sem byggja þarf við skólann. Auk almenns kennslurýmis þarf að byggja við skólann sundlaug og íþróttahús.

*Valkostur 3:* Vesturhlíðarskólahúsið með breytingum og viðbyggingu: Skólinn er á einni hæð en of lítill. Því þarf hér að byggja við kennslurými, sundlaug og íþróttahús auk annarra breytinga sem þarf að gera á núverandi húsnæði.

*Starfshópur á haustönn 2010:* Þann 1. september sl. var stofnað til nýs starfshóps um tilhögun náms og kennslu nemenda með þroskahömlun og voru verkefni hans að mestu leyti þau sömu og áður nefnds starfshóps. Í honum áttu sæti auk skólastjórnenda og sérfræðinga á Menntasviði, fulltrúi Kennarafélags Reykjavíkur og fulltrúi Framkvæmda- og eignasviðs borgarinnar. Í þessari skýrslu eru settar fram tillögur og framtíðarsýn þessa starfshóps um nám og kennslu nemenda með þroskahömlun.

Fulltrúar í starfshópnum voru Hrund Logadóttir, verkefnastjóri sérkennslu á grunnskólaskrifstofu Menntasviðs og formaður hópsins, Arthur Morthens, ráðgjafi fræðslustjóra á sviði sérkennslu, Rúnar Gunnarsson, deildarstjóri á mannvirkjaskrifstofu Framkvæmda- og eignasviðs, Erla Gunnarsdóttir, skólastjóri Safamýrarskóla, Jóhann A. Kristjánsson, skólastjóri Öskjuhlíðarskóla og Þorgerður Diðriksdóttir, formaður og fulltrúi

Kennarafélags Reykjavíkur. Að auki starfaði með hópnum Júlíus Sigurbjörnsson, verkefnastjóri á fjármálastjórnun Menntasviðs, að úttekt á húsnæðismálum og tillögum að breytingum á húsnæði.

### *Starfshópur – hlutverk og helstu verkefni*

Hópurinn starfaði samkvæmt erindisbréfi (sjá fylgiskjal 3) og átti starfstímabil hans að vera frá 1. september til 1. nóvember 2010. Í ljós kom að hópurinn þurfti lengri tíma og var starfstími hans framlengdur til 1. desember.

Meginhlutverk starfshópsins var að vinna samkvæmt samþykkti menntaráðs frá 25. ágúst 2010 um útfærslu stefnumótunar í málaflokknum frá 2007 með tilliti til núverandi stöðu varðandi faglegar áherslur og fjárhagslegt svigrúm. Helstu verkefni samkvæmt erindisbréfi voru:

- Að móta áætlun um einn sérskóla í stað sérskólanna tveggja, Öskjuhlíðarskóla og Safamýrarskóla, á grundvelli niðurstaða starfshóps frá 2008.
- Gera tillögu um staðsetningu og húsnæði skólans ásamt áætlun um framkvæmdir.
- Að móta tillögu um stofnun sérhæfðrar sérdeildar fyrir nemendur með þroskahömlun, á grundvelli niðurstaðna starfshóps frá 2008.
- Gera tillögu um staðsetningu deildarinnar ásamt áætlun um framkvæmdir.
- Gera tillögu um þjónustu við almenna skóla vegna tilhögunar kennslu nemenda með þroskahömlun á grundvelli niðurstaðna starfshóps frá 2008 ásamt áætlun um innleiðingu.
- Móta tillögu um samstarf sérskóla og almennra skóla, nemenda og starfsfólks.

Að auki óskaði menntaráð eftir því að mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar yrði falið að veita umsögn um tillögur starfshópsins áður en þær yrðu lagðar fyrir menntaráð. (sjá fylgiskjal 6)

### *Starfshópur – starfshættir*

Starfshópurinn fundaði vikulega á starfstímanum. Einnig fór hópurinn í heimsóknir í báða sérskólana til að skoða aðstöðu, aðbúnað og meta hvaða breytingar þyrfti að gera á húsnæði Öskjuhlíðarskóla til að þar væri hægt að mæta þörfum allra nemenda nýs sameinaðs sérskóla.

Hópnum barst ósk frá fræðslustjóra á starfstíma hópsins, um að skila tillögum um sameiningu sérskólanna að loknu þessu skólaári ásamt áætlun um framkvæmdir og kostnaðaráætlun. Þeim tillögum var skilað á minnisblöðum til fræðslustjóra 14. október og 23. október. (sjá fylgiskjöl 4 og 5)

Í ljósi þeirrar fjárhagslegu stöðu sem borgin býr við um þessar mundir, tillagna fyrri hópa og stefnu borgarinnar í skólamállum tók hópurinn þá stefnu að setja hér fram framtíðarsýn um þennan málaflokk og beina henni inn í umræðu starfshóps sem nú endurskoðar heildarstefnu borgarinnar í sérkennslumálum svo hægt sé að tengja hana heildstætt við málefni nemenda með fatlanir og alvarlegar raskanir almennt í grunnskólum borgarinnar. Þetta er einnig gert með það í huga að til skoðunar hafa verið málefni nemenda með aðrar fatlanir, s.s. einhverfu þar sem tillögur hafa verið settar fram sem eru á margan hátt í takt við fyrri tillögur hópa um nemendur með þroskahömlun og tillögur þessa hóps. Einnig er rétt að geta þess að margir nemendur, bæði í almennum grunnskólum og sérskólum hafa greiningu um fleiri en eina fötlun eða röskun, s.s. bæði þroskahömlun og einhverfu af einhverju tagi.

Framtíðarsýn hópsins grundvallast fyrst og fremst á stefnu borgarinnar um skóla án aðgreiningar þar sem foreldrum mikið fatlaðra barna er jafnframt gefinn kostur á skólavist fyrir börn sín í sérskólum og sérdeildum. Með skóla án aðgreiningar er átt við skólastarf sem grundvallast á fullgildri og virkri þátttöku allra nemenda í skólasamfélaginu þar sem hverjum nemanda er mætt í námi og félagsstarfi og af virðingu fyrir réttindum hans óháð atgervi hans og stöðu. Með þetta að leiðarljósi hefur starfshópurinn mótað framtíðarsýn sína varðandi sérúrræði fyrir nemendur með þroskahömlun með áherslu á nálægð og samstarf við almenna grunnskóla, þátttöku í skólasamfélagi borgarinnar, skýr og gagnkvæm tengsl nemenda og starfsfólks og gagnkvæman ávinning sérskóla og almennra grunnskóla.

## 2. Verkefni starfshópsins

*Verkefni 1: Mótun áætlunar um einn sérskóla í stað sérskólanna tveggja, Öskjuhlíðarskóla og Safamýrarskóla, á grundvelli niðurstaðna starfshóps frá 2008. Tillaga um staðsetningu og húsnæði skólans ásamt áætlun um framkvæmdir.*

Starfshópur sem starfaði frá 2007 til 2008 vann að tillögum að nýjum sérskóla sem hópurinn lagði fram í skýrslu í júní 2008. Gerðar voru tillögur að nýrri skólabyggingu sem hentar þessum hópi nemenda eins og best verður á kosið. Einnig voru gerðar tillögur um faglegar áherslur. Tillögur þessa hóps hafa ekki komist til framkvæmda.

Í Öskjuhlíðarskóla eru nú 80 nemendur og í Safamýrarskóla eru nú 10 nemendur. Vorið 2011 útskrifast 4 nemendur úr Safamýrarskóla og 13 úr Öskjuhlíðarskóla. Það má því segja að fyrirsjáanlegt sé að Safamýrarskóli verður mjög fámennur næsta vetur, eða jafnvel bara 6 nemendur. Benda skal þó á að ekki er vitað hve margir nýir nemendur munu hefja nám við skólana á næsta skólaári.

Það er mat stjórnenda Safamýrarskóla að svo fámennur skóli geti ekki talist starfhæf skólaeining hvorki útfrá þörfum nemenda né starfsfólks. Sérskólinn, sem og aðrir skólar, á að vera fjölbreytt samfélag margbreytilegs nemendahóps og starfsfólks. Ef starfsmenn eru fáir er hætta á einsleitni í sérhæfingu, en nemendurnir þurfa einmitt á fjölbreyttri sérhæfingu að halda bæði varðandi sérgreinar í kennslu svo og aðra sérfræðipækkingu. Auk þess er ekki hægt að halda úti þeim fjölbreytileika sem nemendur eiga að fá í náminu ef nemendur og starfsmenn verða of fáir.

Starfshópurinn hefur stillt upp tveimur valkostum um sameiningu skólanna í loka þessa skólaárs sem lagðir hafa verið fram til fræðslustjóra. Annars vegar er um að ræða valkost 1, að skólinn verði starfandi í báðum húsum núverandi sérskóla en með aðlöguðu starfsskipulagi bæði varðandi starfsfólk og nemendur. Með því móti þyrfti ekki að ráðast í framkvæmdir við að flytja og koma fyrir búnaði í húsnæði Öskjuhlíðaskóla og aðlaga húsnæði hans að þörfum nemendanna úr Safamýrarskóla. Hinn valkosturinn, valkostur 2, sem hópurinn hefur stillt upp er að skólinn verði starfræktur á einum stað í húsnæði Öskjuhlíðarskóla frá haustinu 2011 að því tilskyldu að gerðar yrðu þær breytingar á húsnæði skólans sem nauðsynlegar eru til að nemendur Safamýrarskóla geti stundað þar nám. Einnig þarf að koma fyrir búnaði og tækjum sem nemendur Safamýrarskóla þurfa á að halda, en sá búnaður er mjög sérhæfður og þarf oft mikið rými.

Með tilliti til ofangreinds leggur starfshópurinn til að sérskólarnir tveir verði lagðir niður í núverandi mynd að loknu þessu skólaári og nýr sérskóli, undir einni yfirstjórn, taki til starfa frá og með skólaárinu 2011 – 2012. Starfsemi nýs sérskóla verði í húsnæði núverandi Öskjuhlíðarskóla að því tilskyldu að gerðar verði þær breytingar sem nauðsynlegar eru til að nemendur Safamýrarskóla geti stundað þar nám og mögulegt verði að vinna samkvæmt

þeim faglegu áherslum sem lagðar eru hér til. Á vorönn 2011 verði unnin drög að nánari stefnumörkun og nýrri skólanámskrá fyrir nýjan sameinaðan sérskóla.

Hópurinn hefur fjallað um faglegar áherslur á grundvelli tillagna starfshóps frá 2007, breytingar á húsnæði Öskjuhlíðarskóla ásamt mögulegum kostum varðandi sundkennslu fyrir nemendur. Auk þess setur starfshópurinn hér fram framtíðarsýn sína varðandi sérskóla í borginni.

#### *Faglegar áherslur:*

Í skólanum verði aldurskipt námshópakkerfi í þrjú aldursstig óháð fötlun, yngsta-, mið- og unglingastig, sem er fyrirkomulag sem kallar á sveigjanleika á nemendasvæðum. Skólabyggingin er því skipulögð í þrjú nemendasvæði þar sem allir nemendur hafa sitt heimasvæði. Engum nemendahóp er ætlað heimasvæði í lausum kennslustofum.

Allir nemendur skólans hafa tækifæri til að njóta og taka þátt í allri þeirri starfssemi sem skólinn hefur uppá að bjóða í námi og leik. Því þurfa allir nemendur að hafa aðgang að öllum nemendarymum s.s. sérgreinastofum. Nú er bókasafn í lausri kennslustofu á lóð skólans sem torveldar aðgengi sumra nemenda að bókasafni skólans. Gert er ráð fyrir einhverri starfssemi í lausum kennslustofum þar sem í forgangi er að allir námshópar eigi sér heimasvæði í skólahúsinu. Íhuga þarf því vel hvaða starfssemi verði í lausum kennslustofum.

Námið er fjölbreytt og einstaklingsmiðað og krefst fjölbreyttra starfshátta og námsleiða sem taka mið af styrkleikum nemenda. Val og markmið námsgreina eru ólík og aðlöguð hverjum nemanda og nemendur hafa tækifæri til að hafa áhrif á eigið nám og mótun skólastarfsins. Áhersla er á mikilvægi mannauðsins og fjölbreytileika nemendahópsins og þau tækifæri sem hann skapar.

Kennarar og fjölbreyttur hópur fagfólks vinnur saman í teymum um hvert aldursstig. Innan aldursstiga hefur hver nemandi / nemendahópur sinn umsjónarkennara sem ber ábyrgð á gerð rökstuddrar einstaklingsnámskrár fyrir hvern nemanda í samráði við foreldra hans og faglega ábyrgð á námi hans og samstarfi þess fagfólks sem með nemandanum vinna.

Sérstök áhersla er lögð á list- og verkgreinar og hreyfikennslu og unnið er markvisst að því að styrkja sjálfsmynd, félags- og samskiptafærni. Mikilvægt er að aðstaða til náms og kennslu í list- og verkgreinum, íþróttum og sundi, ásamt aðstöðu til skynnáms og ýmis konar kennslu og slökunar sé aðgengileg og sniðin að þörfum allra nemenda óháð fötlun þeirra.

Í Safamýrarskóla er í dag heildstæður dagur nemenda, nám, sjúkraþjálfun, sund og frístund er innan daglegrar viðveru nemandans í skólahúsinu án viðbótaraksturs. Til að minnka ekki gæði þeirrar þjónustu sem nemendur njóta nú þarf að tryggja að nemendur fái áfram sem heildstæðastan vinnudag. Ljóst er að aka þarf nemendum í sund og mikilvægt er að slíkur akstur verði lágmarkaður.

*Breytingar og aðlögun húsnæðis og búnaðar sem þarf að framkvæma fyrir skólabyrjun haustið 2011:*

Hér eru eingöngu upptaldar þær breytingar sem nauðsynlegar eru til að nemendur hins nýja sérskóla geti hafið nám í núverandi húsnæði Öskjuhlíðarskóla og eru þær ekki hugsaðar sem fullnaðarlausn til lengri tíma fyrir nýjan sérskóla.

Á svæðum aldursstiga þarf að gera breytingar á rýmum, taka niður vegg og/eða setja upp vegg.

Sérhæft kennslurými fyrir nemendur með miklar og flóknar hreyfihamlanir, fjarlægja þarf vegg að einhverju eða öllu leyti milli tveggja stofa og sameina í eina heild.

Gera þarf tvö ný salerni fyrir mikið fatlaða nemendur á sitthvoru nemendasvæði. Þegar er eitt fullnægjandi salerni á þriðja nemendasvæðinu.

Bæta þarf núverandi salernisaðstöðu við hlið stjórnunarálmu vegna mikið fatlaðra nemenda.

Setja þarf upp nýja lyftu milli hæða þannig að tvær lyftur verði í skólanum á tveimur stöðum. Lyftan þarf að vera það stór að hún taki bekk.

Setja þarf upp eina lausa kennslustofu til viðbótar við þær tvær sem nú eru við skólann.

Núverandi funda- og kennslugagnaaðstaða verði færð út í lausa kennslustofu sem tengd er við þá lausu stofu sem hýsir bókasafn skólans.

Brautir og lyftur þarf að setja upp í íþróttasal, á salernum, í einni stofu á hverju svæði aldursstiga og í sérhæfðu miðrymi vegna mikið fatlaðra nemenda. Nú þegar eru til brautir sem má flytja og lyftur, en bæta þarf við þann búnað.

Sérhæfðan búnað þarf í skólann s.s. hæðarstillanleg borð.

Á skólalóð þarf að búa yfirbyggt svæði fyrir nemendur sem þurfa sérstakt skjól.

Leiktæki á skólalóð þarf fyrir mikið hreyfihamlaða nemendur s.s. hjólastólarólu.

Setja þarf í forgang endurskoðun eldvarna- og ferlimála með hliðsjón af breyttum nemendahópi, af þar til bærum fagaðilum.

*Sundlaug:*

Í umræðum um sundlaug hefur annars vegar verið rætt um byggingu bráðabirgðar sundlaugar við Öskjuhlíðarskóla og hins vegar um byggingu varanlegrar sundlaugar við skólann. Þar til ný sundlaug verður tekin í notkun mun akstur aukast hjá þeim nemendum sem nú eru í Safamýrarskóla. Mikilvægt er að það ástand vari í eins stuttan tíma og kostur er þar sem slíkur akstur og umstangið í kringum hann er þessum nemendum mjög erfiður. Því er mikilvægt að fundin verði lausn á sundlaugarmálum skólans svo fljótt sem auðið er.

Þeir kostir sem eru til staðar í dag eru; að kanna möguleikann á að hægt verði að hafa áfram aðgang að sundlaug Safamýrarskóla þó að húsnæði skólans verði ekki lengur nýtt til skólastarfs að öðru leyti, sundlaug í Kópavogi sem var áður sundlaug Kópavogshælis en er nú í einkarekstri, sundlaug Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra að Háaleitisbraut 13 og sundlaug Sjálfsbjargar í Hátúni 12. Stjórnendur Safamýrarskóla hafa skoðað þessar laugar og telja sundlaug Safamýrarskóla besta kostinn fyrir nemendur en næst þeim kosti komist sundlaugin í Kópavogi.

#### *Frístundastarf:*

Frístundastarf fyrir nemendur Safamýrarskóla er nú í skólanum en frístundastarf fyrir nemendur Öskjuhlíðarskóla er á vegum ÍTR í öðru húsnæði en skólinn er í. Skoða þarf sérstaklega fyrirkomulag frístundastarfs útfrá breyttum nemendahóp og samsetningu hans og þarf sú skoðun að hefjast ekki síðar en í janúar 2011.

#### *Kostnaðaráætlun:*

Sú frumkostnaðaráætlun sem hér er sett fram er unnin í samræmi við ofangreindar tillögur um breytingar á núverandi skólahúsnæði Öskjuhlíðarskóla. Slíka áætlun ber að taka með miklum fyrirvara vegna margra óvissupátta. Frumkostnaðaráætlun okkar við breytingar á núverandi skólahúsnæði Öskjuhlíðarskóla er 80 – 100 milljónir. Þessi áætlun nær ekki til byggingar sundlaugar.

#### *Fyrri tillögur og framtíðarsýn starfshópsins.*

Núverandi starfshópur hefur rætt valkostina þrjá sem starfshópur sem starfaði á vorönn 2010 lagði til og raktir eru í inngangskafli þessarar skýrslu. Að auki hefur hópurinn rætt nýjan valkost sem hér er nefndur valkostur 4:

*Valkostur 4:* Tvíburaskóli sem eru tveir sjálfstæðir skóla sem hafa með sér nána samvinnu og samstarf og marka sér sameiginlega stefnu og sýn um gagnkvæm tengsl nemenda og starfsfólks ásamt gagnkvæmri samnýtingu húsnæðis, búnaðar og starfsfólks. Skólarnir byggi upp samræmda skólaþróun og sérfræðipækkingu.

Stefna Reykjavíkurborgar í menntamálum er skóli án aðgreiningar en jafnframt skulu foreldrar hafa val um sérskóla fyrir þau börn sem við mestar fatlanir stríða. Starfshópurinn sem vann að tillögum um nýjan sérskóla ásamt faglegum áherslum í starfi hans lagði áherslu á mikilvægi þess að skólanum yrði valinn staður í öflugum skólasamfélagi þar sem áhersla væri á að skapa skýr, gagnkvæm, sýnileg og markviss tengsl við aðra grunnskóla. Sérskólinn sé fullgildur þátttakandi í samstarfi skóla sem komi fram til dæmis í samstarfsverkefnum milli skóla, samstarfi starfsfólks milli skóla og þátttöku og félagslegri tengingu nemenda í nemendasamfélagi hverfisins. Í ljósi þessara áherslna fyrri starfshóps hefur hópurinn horft til valkosts 4, eða hugmyndarinnar um tvíburaskóla sem ákjósanlegan kost. Þessi kostur gefur aukið svigrúm til fjölbreytts þróunarstarfs til framtíðar í samstarfi við og með almennum

grunnskólum ásamt fjölbreyttum og öflugum möguleikum til daglegs samstarfs nemenda og starfsfólks sérskóla og almennra skóla.

Starfshópurinn lítur svo á að slíkur tvíburaskóli séu tveir sjálfstæðir skólar sem hafa með sér nána samvinnu og samstarf og marka sér sameiginlega stefnu og sýn um gagnkvæm tengsl nemenda og starfsfólks beggja skóla ásamt gagnkvæmri samnýtingu húsnæðis, búnaðar og starfsfólks. Skólarnir byggi upp samræmda skólaþróun og sérfræðiþekkingu.

Samkvæmt þessu leggur starfshópurinn til að framtíðarfyrirkomulag sérskóla fyrir nemendur með þroskahömlun verði samkvæmt ofangreindri hugmynd um tvíburaskóla.

*Verkefni 2: að móta tillögu um stofnun sérhæfðrar sérdeildar fyrir nemendur með þroskahömlun, á grundvelli niðurstaðna starfshóps frá 2008. Gera tillögu um staðsetningu deildarinnar ásamt áætlun um framkvæmdir.*

Í störfum starfshópsins frá 2007 kom fram ósk um að heimsækja, skoða og kynnst starfsemi The New England Center for Children (NECC) í Boston í Bandaríkjunum og fór stýrihópur verkefnisins, ásamt skólafólki úr öðrum sérúrræðum fyrir nemendur með einhverfu og hegðunarvanda, í slíka kynnisferð í mars 2008. NECC er einkarekin stofnun sem þjónar börnum með einhverfu og aðrar skyldar raskanir og hefur fengið alþjóðlega viðurkenningu sem leiðandi á því sviði. Stofnunin er sambland af fræðasetri, akademískri stofnun, skóla og þjálfunarstöð og er þar starfræktur skóli fyrir börn á leik- og grunnskólaaldri, ráðgjafar- og þjálfunarstöð fyrir kennara og starfsfólk og sérdeildir í almennum skólum.

Sérstaka athygli hópsins frá 2007 vöktu svokallaðir „Partner Classes“ sem starfshópur um tilhögun og fyrirkomulag kennslu nemenda með félagslegar-, tilfinningalegar og hegðunarraskanir, hafði síðan að fyrirmynd við stofnun þátttökubekkja við Brúarskóla. Starfshópurinn kynntist einnig svipuðu fyrirkomulagi í Noregi við Haug skole. Starfsemi fyrsta þátttökubekkjara frá Brúarskóla hófst við Seljaskóla haustið 2009. Þátttökubekkurinn er sérhæft úrræði undir stjórn Brúarskóla með aðsetur í almennum grunnskóla og er sérhæft námstilboð í heimahverfi nemenda í aðstæðum sem eru eins lítið heftandi og mögulegt er. Nemendur njóta faglegrar þjónustu og þekkingar Brúarskóla og vinnur starfsfólks þátttökubekkjara í nánu samstarfi við skólalastjóra skólans sem hýsir þátttökubekkin, kennara og sérfræðinga m.a. til að þjóna nemendum innan almenna skólakerfisins.

Núverandi starfshópur hefur rætt þessa hugmynd um þátttökubekki og hvernig sú hugmynd gæti faglega hentað nemendum með þroskahömlun í stað hugmyndaðarinnar um hefðbundna sérdeild í almennum grunnskóla. Það er niðurstaða hópsins að mikill ávinningur geti orðið af útfærslu þessarar hugmyndaðar fyrir þennan nemendahóp auk þess sem hún er í takti við hugmyndina um tvíburaskólann og er þannig hægt að tengja saman markvisst og sýnilega almenna grunnskóla og sérskóla í víðara samhengi en með hugmyndinni um tvíburaskóla.

Slíkir þátttökubekkir yrðu staðsettir við almenna skóla í borginni en undir stjórn sérskólans. Starfsfólk og stjórnendur þátttökubekkjanna og sérskólans annars vegar og starfsfólk og

stjórnendur almennu skólanna vinni náið saman þar sem haft er að leiðarljósi gagnkvæmur ávinningur skólanna, nemenda þeirra og starfsfólks. Með slíkum þátttökubekkjum er einnig möguleiki á að tengja nemendur við aðra grunnskóla hverfisins, bæði þess skóla sem þátttökubekkir starfar við svo og aðra skóla í hverfinu. Á sama hátt er hægt að tengja nemendur almennu skólanna við þátttökubekkina.

Sömu reglur gildi um inntöku í þátttökubekki og í sérskólann og er val foreldra ekki bindandi þannig að nemandi getur verið tímabundið í sérskóla eða þátttökubekk og flust síðar yfir í almennan grunnskóla að fullu og öfugt.

Starfshópurinn leggur til að í stað hefðbundinna sérhæfðra sérdeilda fyrir nemendur með þroskahömlun verði stofnað til þátttökubekkja við nýjan sameinaðan sérskóla að ofangreindri fyrirmynd og þeim valinn staður við almenna grunnskóla í borginni þar sem jákvætt viðhorf ríkir til slíks gagnkvæms samstarfs. Með tímanum yrðu til þátttökubekkir í hverjum borgarluta.

*Verkefni 3: Gera tillögu um þjónustu við almenna skóla vegna tilhögunar kennslu nemenda með þroskahömlun á grundvelli niðurstaðna starfshóps frá 2008 ásamt áætlun um innleiðingu.*

Tillögur starfshóps frá 2007 um úrbætur vegna kennslu nemenda með þroskahömlun í almennum grunnskólum voru annars vegar tillaga um aðgerðir til að hafa áhrif á viðhorf til náms nemenda með þroskahömlun í skóla án aðgreiningar og hins vegar tillaga um ráðgjöf vegna kennslu nemenda með þroskahömlun í almennum bekkjum. Segja má að þessar tillögur um viðhorf og ráðgjöf fléttist saman þar sem í báðum tilvikum er um að ræða miðlun þekkingar, ráðgjöf, teymisvinnu og fræðslu.

Hópurinn frá 2007 lagði til að stofnuð yrði sjálfstæð ráðgjafarmiðstöð sem veitti þjónustu til nemenda með þroskahömlun, foreldra þeirra og skóla. Í júní 2010 skilaði samstarfshópur um samhæfða þjónustu við nemendur með einhverfu greinargerð sinni. Sá samstarfshópur lagði m.a. til að stofnað yrði ráðgjafarteymi í Reykjavík vegna barna með einhverfu. Í skýrslu starfshóps um sérfræðiþjónustu skóla frá janúar 2008, kemur fram að mjög sé misjafnt hve mörg mál berast þjónustumiðstöðvum vegna fatlana eða allt frá engri tilvísun til 77 tilvísana. Einnig kemur fram að skólar borgarinnar virðast lítið nýta sér ráðgjöf og sérfræðiþjónustu frá sérskólum og sérdeildum í borginni. Ein af tillögum þessa starfshóps var að efla og skýra ráðgjafarhlutverk sérskóla og sérdeilda og færa ráðgjöf og handleiðslu frá sérskólum og sérdeildum í auknum mæli inn á vettvang og til starfsfólks skólanna.

Um 45% nemenda í Öskjuhlíðarskóla eru greindir með einhverfu auk þroskahömlunar. Af 304 nemendum sem hafa greiningu um einhverfu á einhverju stig og þroskahömlun á einhverju stigi í almennum grunnskólum, eru 31 nemandi með samsetta fötlun einhverfu og þroskahömlunar. Í ljósi þessara samsettu fatlana bæði í almennum skólum og í Öskjuhlíðarskóla, tillagna hópsins um tvíburaskóla og þátttökubekki og aukinna gagnkvæmra tengsla sérúræða og almennra grunnskóla telur hópurinn rétt að fyrirkomulag þjónustu við

nemendur með fötlun, s.s. einhverfu og/eða þroskahömlun, verði skoðað heildstætt. Þannig verði lögð áhersla á hvernig fyrirkomulagi sérskóla, sérdeilda og ráðgjafar verði háttað og gagnkvæmu samstarfi sérúrræða og almennra skóla útfrá framtíðarsýn hópsins um þjónustu og kennslu nemenda með fötlun í sem nánustum tengslum og samstarfi við almenna grunnskóla borgarinnar.

Starfshópurinn leggur til að hugmyndir og framtíðarsýn starfshópsins varðandi tvíburaskóla, þátttökubekki og ráðgjöf við almenna grunnskóla verði tekin til heildstæðrar umræðu í starfshópi um endurskoðun sérkennslustefnu borgarinnar við ákvörðun um stefnu varðandi framtíðar fyrirkomulag sérúrræða í borginni og til nánari útfærslu.

#### *Verkefni 4: Móta tillögu um samstarf sérskóla og almennra skóla, nemenda og starfsfólks.*

Framtíðarsýn, niðurstöður og tillögur starfshópsins eru grundvölluð á að í borginni er eitt heildstætt skólasamfélag þar sem fagleg og staðsetningarleg tengsl skóla og sérúrræða eru sýnileg og gagnkvæm. Í slíku skólakerfi er leitast við að tryggja að hvort sem nemandi njóti þjónustu í sérúrræði eða almennum skóla, fatlaður eða ófatlaður, sé honum tryggð skólaganga með möguleikum á samskiptum og námi í fjölbreyttum og margbreytilegum nemendahópi og bestri mögulegri sérfræðiþjónustu. Ef slík sýn er skýrt mörkuð í skólastefnu borgarinnar á hún að vera leiðarljós ákvarðana um skipulag og framkvæmdir.

Þannig er samstarf sérskóla og almennra skóla að hluta tryggt með þeirri hugmynd sem hér kemur fram um tvíburaskóla og þátttökubekki en þar að auki þarf að tryggja aðgengi allra grunnskóla að þeirri þekkingu sem sérskólinn býr yfir auk möguleikum á formlegri samstarfi s.s. vegna þróunarverkefna og ýmis konar samstarfsverkefna bæði starfsfólks og nemenda. Ráðgjöf vegna nemenda með þroskahamlanir þarf annars vegar að hafa það markmið að miðla þekkingu um bestu mögulegu kennslu og nám nemenda með þroskahömlun og hins vegar hvernig nám og kennsla er útfærð í skóla án aðgreiningar. Mikilvægi tvíburaskólans og þátttökubekkjanna felst því að miklu leyti í að gera það mögulegt að byggja upp slíka þekkingu. Nýr sérskóli, sem tekur til starfa frá og með skólaárinu 2011 – 2012, hefur áfram ráðgjafarhlutverk á þessu sviði við almenna grunnskóla í borginni ásamt því að þróa áfram framtíðarskipulag ráðgjafar í anda framtíðarsýnar starfshópsins.

## Fylgiskjöl:

1. Tillaga ásamt greinargerð
2. Samþykkt menntaráðs
3. Erindisbréf starfshópsins
4. Minnisblað frá 14. október
5. Minnisblað frá 23. Október
6. Umsögn frá mannréttindaskrifstofu

## Fylgiskjal 1.

### Tillaga um tilhögun kennslu nemenda með þroskahömlun

Menntaráð samþykkir að fela fræðslustjóra að stofna starfshóp sem fer yfir tilhögun náms og kennslu nemenda með djúpa og miðlungs þroskahömlun með eða án viðbótarfatlana og væga þroskahömlun og viðbótarfatlanir s.s. einhverfu, daufblindu og fjölfötlun. Hópurinn skal skoða sérstaklega stefnumótun í málaflokknum sem samþykkt var í menntaráði 2007 með tilliti til núverandi stöðu mála bæði hvað varðar faglegar áherslur og fjárhagslegt svigrúm. Hópurinn skal skila forgangsröðuðum tillögum til menntaráðs fyrir 1. nóvember nk.

### Greinargerð

#### *Stefnumótun og tillögur starfshóps 2007 - 2008*

Í maí 2007 var ákveðið að setja af stað starfshóp um tilhögun kennslu nemenda með þroskahömlun í grunnskólum Reykjavíkur. Hugmyndin var ekki að búa til sérúrræði fyrir fleiri börn heldur tryggja grunnskólanemendum með þroskahömlun vönduð námstilboð í almennum bekk, í sérhæfðri sérdeild og í sérskóla svo foreldrar þessara nemenda hefðu raunverulegt val um mismunandi skólaúrræði og sambærilega þjónustu fyrir börn sín. Starfshópurinn skilaði drögum að skýrslu og kynnti fyrir menntaráði í júní 2008.

Hugmyndafræði starfshópsins byggðist á að hver nemandi í almennum grunnskóla, sérdeild eða sérskóla væri fullgildur þátttakandi í skólasamfélaginu og gert sé ráð fyrir þeim stuðningi, búnaði og aðstöðu sem þarf til að gera honum það kleift.

Tillögur starfshópsins vegna úrbóta innan almenna grunnskólans fólust annarsvegar í viðhorfaáætlun um bætt viðhorf til nemenda með þroskahömlun og hins vegar í stofnun ráðgjafarmiðstöðvar vegna nemenda með þroskahömlun. Gert var ráð fyrir að slík miðstöð væri miðlæg ráðgjafar-, þjálfunar og fræðslumiðstöð í eða við nýjan sérskóla en með sérstaka stjórnun og fjárhag og heyrði undir Menntasvið á sama hátt og grunnskólar borgarinnar.

Tillögur starfshópsins vegna sérhæfðrar sérdeildar kváðu á um stofnun sérdeildar við Engjaskóla í Grafarvogi sem byggði hugmyndafræði sína á gagnkvæmum ávinningi starfsfólks og nemenda í skóla og sérdeild þar sem allir nemendur eigi sömu möguleika til náms og samvinnu.

Tillögur starfshópsins um nýjan sérskóla lagði áherslu á einstaklingsmiðað nám, fjölbreytileika nemendahópsins og jöfn tækifæri nemenda að njóta og taka þátt í þeirri starfsemi sem skólinn býði uppá í námi og leik. Staðsetning skólans yrði valin með tilliti til þarfa nemendahópsins og nálægðar og tengsla við aðra grunnskóla. Lögð var sérstök áhersla á mikilvægi skólans sem þátttakanda í öflugum skólasamfélagi grunnskóla borgarinnar. Gert var ráð fyrir nemendahóp á aldrinum 6 til 16 ára með miðlungs og djúpa þroskahömlun með eða án viðbótarfatlana og væga þroskahömlun og viðbótarfatlanir s.s. einhverfu, daufblindu og fjölfötlun.

#### *Núverandi sérskólar, Safamýrarskóli og Öskjuhlíðarskóli*

Öskjuhlíðarskóli og Safamýrarskóli eru byggðir á árununum 1974-1980 fyrir nemendur með allt aðrar fatlanir en eru í skólanum í dag. Þá voru nemendur með væga þroskahömlun ráðandi, en í dag eru nemendur með djúpa og miðlungs þroskahömlun með eða án viðbótar fatlana ráðandi ásamt nemendum með væga þroskahömlun og viðbótar fatlanir s.s. einhverfu, daufblindu og fjölfötlun. Þessar breyttu fatlanir kalla á breytta kennsluhætti, aukinn tækjabúnað til kennslu, fjölbreyttari hreyfibúnað og breytt og aukið kennslu rými.

Fækkun nemenda í báðum skólum hefur átt sér stað á síðustu tveimur áratugum. Slík breyting kallar á endurskoðun á skólalaldi í skólunum. Skólaárið 2011-2012 verða að því er virðist einungis 5 nemendur í Safamýrarskóla og innan við 90 nemendur í Öskjuhlíðarskóla.

Í skóla án aðgreiningar ber ætíð að leita leiða til að fatlaðir og ófatlaðir nemendur eigi sem eðlilegast samstarf í námi og leik. Lagt er til að starfshópurinn skoði möguleika á auknu samstarfi milli nemenda í Öskjuhlíðarskóla við önnur grunnskólabörn og elstu börn í leikskóla.

## Fylgiskjal 2.

Fundur nr. 126

### 4. Svohljóðandi tillaga var samþykkt samhljóða:

Menntaráð samþykkir að fela fræðslustjóra að stofna starfshóp sem fer yfir tilhögun náms og kennslu nemenda með djúpa og miðlungs þroskahömlun með eða án viðbótarfatlana og væga þroskahömlun og viðbótarfatlanir s.s. einhverfu, daufblindu og fjölfötlun. Hópurinn skal skoða sérstaklega stefnumótun í málaflokknum sem samþykkt var í menntaráði 2007 og sérkennslustefnu leikskólasviðs sem samþykkt var í leikskólaráði árið 2009, með tilliti til núverandi stöðu mála bæði hvað varðar faglegar áherslur og fjárhagslegt svigrúm. Hópurinn skal skila forgangsröðuðum tillögum til menntaráðs fyrir 1. nóvember nk.

Greinargerð fylgir.

Bókun menntaráðs:

Menntaráð óskar eftir því að mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar verði falið að veita umsögn um tillögur starfshóps um tilhögun kennslu nemenda með þroskahömlun, áður en þær verða lagðar fyrir menntaráð.

### Fylgiskjal 3.

#### Erindisbréf

<b>Heiti vinnuhóps:</b> Starfshópur um tilhögun náms og kennslu nemenda með þroskahömlun
<b>Ábyrgðarmaður:</b> Ragnar Þorsteinsson sviðsstjóri Menntasviðs
<b>Hlutverk:</b> Að vinna samkvæmt samþykkt menntaráðs frá 25. ágúst 2010 um útfærslu stefnumótunar í málaflokknum frá 2007 með tilliti til núverandi stöðu varðandi faglegar áherslur og fjárhagslegt svigrúm.
<b>Helstu verkefni:</b> Að móta áætlun um einn sérskóla í stað sérskólanna tveggja, Öskjuhlíðarskóla og Safamýrarskóla, á grundvelli niðurstaða starfshóps frá 2008. Gera tillögu um staðsetningu og húsnæði skólans ásamt áætlun um framkvæmdir.  Að móta tillögu um stofnun sérhæfðrar sérdeildar fyrir nemendur með þroskahömlun, á grundvelli niðurstaðna starfshóps frá 2008. Gera tillögu um staðsetningu deildarinnar ásamt áætlun um framkvæmdir.  Gera tillögu um þjónustu við almenna skóla vegna tilhögunar kennslu nemenda með þroskahömlun á grundvelli niðurstaðna starfshóps frá 2008 ásamt áætlun um innleiðingu.  Móta tillögu um samstarf sérskóla og almennra skóla, nemenda og starfsfólks.
<b>Fulltrúar í vinnuhópi:</b> Hrund Logadóttir, verkefnastjóri sérkennslu á grunnskólaskrifstofu Menntasviðs Arthur Morthens, ráðgjafi fræðslustjóra á sviði sérkennslu Rúnar Gunnarsson, deildarstjóri á mannvirkjaskrifstofu Framkvæmda- og eignasviðs Erla Gunnarsdóttir, skólastjóri Safamýrarskóla Jóhann A. Kristjánsson, skólastjóri Öskjuhlíðarskóla Þorgerður Diðriksdóttir, fulltrúi Kennarafélags Reykjavíkur
<b>Formaður vinnuhóps:</b> Hrund Logadóttir Verkefnastjóri sérkennslu á grunnskólaskrifstofu Menntasviðs
<b>Starfsmenn:</b>
<b>Ráðgjöf / samstarf:</b> Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar, Fjármálastjórnun Menntasviðs, Leikskólasvið Reykjavíkur og Þroskahjálp.
<b>Starfstímabil:</b> 1.09.2010 - 1.11.2010
<b>Skil:</b> Til sviðsstjóra Menntasviðs.

#### Fylgiskjal 4.



Reykjavíkurborg  
Menntasvið

Reykjavík 14. október 2010

Til fræðslustjóra

Frá Hrund Logadóttur, verkefnastjóra á grunnskólaskrifstofu og Arthur Morthens sérfræðing fræðslustjóra

#### Minnisblað

#### Efni: Sameining sérskólanna Safamýrarskóla og Öskjuhlíðarskóla

Rætt hefur verið um það til margra ára að sameina Safamýrarskóla og Öskjuhlíðarskóla í nýjan sérskóla samkvæmt þeim kröfum sem gerðar eru til sérskóla fyrir nemendur með þroskahömlun ásamt hliðarröskunum og fjölfatlaða nemendur. Stærsta og víðtækasta vinnan varðandi þessi mál var gerð 2007 og kom út í skýrsluformi með tillögum 2008. Að þeirri vinnu komu fjölmargir fag- og hagsmunaaðilar og náðist full sátt milli aðila um þær tillögur og greinargerð. Í meginatriðum var stefnt að nýjum sérskóla, hannaðan fyrir þá nemendur sem nú eru í skólunum tveimur.

Öskjuhlíðarskóli og Safamýrarskóli voru byggðir 1974 og 1982 fyrir allt aðra nemendur en nú eru í skólunum. Nemendur voru almennt færir um gang og flestir læsir og skrifandi, sérstaklega í Öskjuhlíðarskóla. Allt umferli var auðvelt og nemendur gátu ferðast um skólahúsnæðið án teljandi vandræða. Á þessum tíma voru nemendur með sambærilegar fatlanir og þeir nemendur sem nú eru í Safamýrarskóla og margir þeirra nemenda sem nú eru í Öskjuhlíðarskóla, á stofnunum þar sem ekki var talið að þau ættu erindi í skóla. Það var ekki fyrr en árið 1972 sem lagður er grundvöllur að kennslu á slíkum stofnunum með „Reglugerð um kennslu á fávítahælum“. Í dag er réttur fatlaðra barna til skólagöngu í heimaskóla orðinn skýr í lögum og alþjóðlegum sáttmálum sem Ísland á aðild að og eru nánast allir nemendur með sambærilegar þarfir í almennum grunnskólum með stuðningi. Nemendahópur sérskólanna er í dag allur annar og sambærilegur við þann hóp barna sem áður átti ekki aðgang að skólum en var vistaður á stofnunum.

Í Öskjuhlíðarskóla eru nemendur með miðlungs, alvarlega og djúpa þroskahömlun og yfir 40% þeirra auk þess með einhverfu. Hér er því um að ræða miklu fatlaðri nemendahóp en áður var í skólanum, auk þess sem hér er í mörgum tilfellum um að ræða nemendur sem þurfa mikið eftirlit og utnumhald vegna mikillar einhverfu.

Í Safamýrarskóla voru nemendur með alvarlega þroskahömlun sem flestir hverjir voru færir um gang og gátu m.a. unnið í tölvum með ákveðin forrit. Í dag eru nemendur hins vegar fjölfatlaðir og flestir með mjög litla eða nánast enga hreyfigetu og útafliggjandi. Þeir þurfa mikinn tækjabúnað sér til stuðnings við allar athafnir og eru brautir í lofti t.d. mjög mikilvægar. Hópnum fylgir því mikið af hjálpartækjum sem taka mikið pláss og þarf því mikið athafnarými fyrir hvern nemanda. Nemendurnir þurfa einnig mjög sérhæft kennslurými s.s. sérhæfða sundlaug og skynnámsaðstöðu auk þess sem þeir eru mjög viðkvæmur gagnvart öllum áreitum og umhverfi sínu.

Í skýrslu starfshóps frá 2008 var það mat fagfólks að núverandi skólabyggingar þjónuðu ekki lengur þessum hópi nemenda og mikilvægt væri því að byggja nýjan skóla sem þjónaði þörfum þeirra.

Í umræðu á síðastliðnum vetri og vori og nú í haust hefur starfshópur fjallað áfram um leiðir til sameiningar skólanna. Í umræðunni hefur fyrst og fremst verið fjallað um fjóra kosti sem framtíðarlausn fyrir nýjan sérskóla:

*Valkostur 1:* Nýr sérskóli samkvæmt tillögum starfshóps frá 2008. Húsnæði byggt frá grunni miðað við þarfir nemendahópsins og faglegar áherslur.

*Valkostur 2:* Öskjuhlíðarskóli með breytingum á núverandi skólahúsnæði s.s. stækkun rýma ásamt viðbyggingu s.s. almennt kennslurými, sundlaug og íþróttahús.

*Valkostur 3:* Vesturhlíðarskólahúsið með breytingum á núverandi húsnæði ásamt viðbyggingu s.s. almennt kennslurými, sundlaug og íþróttahús.

*Valkostur 4:* Tvíbúaskóli með almennum grunnskóla, tveir skólar á sama stað sem samnýta hluta húsnæðis, búnaðar og starfsfólks. Byggður verði nýr sérskóli við eða hjá almennum grunnskóla.

Þrátt fyrir öflugt námstilboð og góða þjónustu í Safamýrarskóla eru nú afar fáir foreldrar sem velja skólann fyrir börn sín. Ástæður að mati skólastjóra eru margar, t.d. viti sumir foreldrar ekki af skólanum og þekkja því ekki starfið þar, sumum

foreldrum finnst fötlun nemenda Safamýrarskóla of mikil og þeir því ekki góð fyrirmynd fyrir þeirra barn, sumum finnst skólinn of fámennur og barnið muni því eiga of fáa jafnaldra í skólanum og sumir vilji að barnið stundi nám í sínum hverfisskóla. Ljóst sé því að Safamýrarskóli er nú orðinn svo lítill starfseining að ekki er raunhæft að reka sjálfstæðan skóla fyrir svo fáa nemendur og því þurfi að brúa það bil sem nú myndast þar til varanleg framtíðarlausn fyrir nýjan sérskóla lítur dagsins ljós.

Að færa starfsemi Safamýrarskóla í Öskjuhlíðarskóla án umtalsverðra breytinga var hvorki inni í vinnunni 2008 né í umræðunni síðastliðin vetur og nú í haust. Slík hugmynd er faglega á skjön við álit þess fagfólks sem hefur unnið í starfshópum að framtíðarlausn þessara skóla varðandi húsnæði, aðbúnað og þjónustu við alvarlega fatlaða/ fjölfatlaða nemendur. Það hefur verið mat þeirra sem að þessari vinnu hafa komið að hvorki húsnæði Öskjuhlíðarskóla né Safamýrarskóla hentuðu lengur nemendahópum þeirra og því fráleitt að ætla að núverandi húsnæði Öskjuhlíðarskóla, óbreytt, geti hentað nemendum Safamýrarskóla.

Ef flytja á nemendur Safamýrarskóla í Öskjuhlíðarskóla án breytinga er verið að skerða þjónustu við nemendur Safamýrarskóla hvað varðar aðbúnað við hreyfipjálfun og vöðvaslökun í sundlaug sem er hönnuð að þeirra þörfum, búnaðaraðstöðu, nuddbekki, hitalampa, rafbrautir í lofti og önnur þau tæki sem þjóna nemendum. Starfsmenn Safamýrarskóla hafa margra ára reynslu í að vinna með fjölfötluðum nemendum og hafa öðlast mjög sérhæfða reynslu. Þessi sérhæfing er mjög takmörkuð í Öskjuhlíðarskóla enda kennsluhættir með allt öðrum hætti í skólanum en í Safamýrarskóla. Auk þess sem benda má á að menning og viðhorf þessara skóla er mjög misjöfn.

Að framansögðu má ljóst vera að hugmyndir um að færa nemendur og starfsfólk Safamýrarskóla yfir í Öskjuhlíðarskóla án vandaðs undirbúnings bæði faglega og hvað varðar breytingar á húsnæði getur eingöngu þýtt verulega skerðingu á aðbúnaði nemenda og þar með faglegri þjónustu líka.

Gera þarf verulegar og kostnaðarsamar breytingar á húsnæði Öskjuhlíðarskóla auk viðbyggingar til þess að framkvæmdin nái tilgangi sínum. Auk þess ef nemendur Safamýrarskóla missa þá aðstöðu sem þeir hafa í sundlaug í eigin skóla má gera ráð fyrir auknum kostnaði vegna leigu á laug sem sniðin er að þörfum þessa hóps og akstri til og frá sundlaug auk verulegra óþæginda sem af slíku skapast fyrir þennan viðkvæma nemendahóp. Stjórnendur Safamýrarskóla hafa skoðað þær laugar sem til eru í dag sem hentað gætu þörfum nemenda í Safamýrarskóla en þær eru sundlaug í Kópavogi sem áður þjónaði gamla Kópavogshælinu en er nú í einkaeigu, sundlaug Sjálfsbjargar að Hátúni 12 og sundlaug Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra að Háaleitisbraut 13. Að mati þeirra hefur engin þessara lauga sömu eða sambærilega aðstöðu og laugin í Safamýrarskóla þó kemst laugin í Kópavogi næst því. Til dæmis má nefna að sundþjálfun á vegum SLF fyrir yngstu börnin fer nú fram í sundlaug Safamýrarskóla en ekki í þeirra eigin laug að Háaleitisbraut 13 og einnig er sundlaug Safamýrarskóla ný nýtt fyrir tvo nemendahópa úr Öskjuhlíðarskóla. Ef þjónustan versnar við það að nemendur færast yfir í Öskjuhlíð er vaff stað farið en heima setið.

Til að brúa bilið þar til varanleg framtíðarlausn fyrir nýjan sérskóla verður að veruleika leggjum við til að skólarnir tveir verði sameinaðir í einn skóla en til þess að svo geti orðið tilnefnum við tvo mögulega valkosti:

Valkostur 1: Stjórnendur beggja skóla leiði á vorönn 2011 vinnu við samningu einnar námskrár fyrir nýjan sérskóla sem tilbúin verði í júní 2011. Skólarnir verði sameinaðir í einn nýjan sérskóla undir einni yfirstjórn vorið 2011. Skólinn verði starfræktur fyrstu eitt til þrjú skólaárin á tveimur starfsstöðvum, í núverandi húsnæði Safamýrarskóla og Öskjuhlíðarskóla.

Valkostur 2: Stjórnendur beggja skóla leiði á vorönn 2011 vinnu við samningu einnar námskrár fyrir nýjan sérskóla sem tilbúin verði í júní 2011. Skólarnir verði sameinaðir í einn nýjan sérskóla undir einni yfirstjórn vorið 2011. Unnið verði sumarið 2011 að þeim breytingum sem nauðsynlegt er að gera á húsnæði Öskjuhlíðarskóla til að nemendur Safamýrarskóla geti stundað þar nám. Þessar breytingar felast m.a. í stækkun rýma sem útheimtir niðurbrot veggja, að koma fyrir salernisaðstöðu þar sem nægjanlegt rými er fyrir bekkir og nauðsynleg tæki, koma fyrir skynhreyfiaðstöðu sem hentar þörfum nemenda, tryggja aðgengi nemenda um skólann s.s. að matsal, íþróttasal, bókasafni, um útsvæði, koma fyrir nauðsynlegum búnaði s.s. brautum í lofti þar sem þeirra er þörf. Allir nemendur nýs sérskóla hafi aðalstarfstöð í núverandi húsnæði Öskjuhlíðarskóla frá hausti 2011 en sundlaug Safamýrarskóla verði áfram og jafnframt nýtt fyrir nemendur og þeim ekið í sund a.m.k. tvisvar í viku.

Það er mat okkar að valkostur 1 sé betri bráðabirgðalausn fyrir þá nemendur sem nú eru í Safamýrarskóla en jafnframt bendum við á mikilvægi þess að huga þurfi vel að stærð og fjölbreytileika nemendahópsins á báðum starfsstöðvum þann tíma sem tekur að búa skólanum og nemendum hans varanlega framtíðarlausn. Mikilvægt er að núverandi þjónusta við nemendur haldist óskert svo og gæði hennar og námsins í heild.



23. október 2010

Til fræðslustjóra

Frá Hrund Logadóttur, verkefnastjóra á grunnskólaskrifstofu og Arthur Morthens sérfræðing fræðslustjóra

### Minnisblað

#### Efni: Sameining sérskólanna Safamýrarskóla og Öskjuhlíðarskóla – breytingar á húsnæði Öskjuhlíðarskóla, forgangsröðun og kostnaður.

Þann 14. október sl. lögðum við fram minnisblað til fræðslustjóra um sameiningu sérskólanna Safamýrarskóla og Öskjuhlíðarskóla, þar sem lagðir voru til tveir valkostir til að brúa bilið þar til varanleg framtíðarlausn fyrir nýjan sérskóla verður að veruleika. Hér er fjallað um valkost 2 og þær breytingar sem gera þarf á húsnæði Öskjuhlíðarskóla, forgangsröðun og kostnaðaráætlun. Valkostur 2 gerir ráð fyrir að skólarnir verði sameinaðir í einn sérskóla undir einni yfirstjórn vorið 2011 og verði hann staðsettur í núverandi húsnæði Öskjuhlíðarskóla. Jafnframt að í Öskjuhlíðarskóla verði gerðar þær breytingar sem nauðsynlegar eru til að nemendur Safamýrarskóla geti stundað þar nám.

Að þessari áætlun hafa unnið, ásamt okkur, skólastjórar sérskólanna, Erla Gunnarsdóttir Safamýrarskóla og Jóhann Arngrímur Kristjánsson Öskjuhlíðarskóla, Júlíus Sigurbjörnsson verkefnastjóri á fjármálastjórnun Menntasviðs og Rúnar Gunnarsson, arkitekt á framkvæmda og eignasviði Mannvirkjasviðs borgarinnar. Tekið var mið af þeim faglegu áherslum og framtíðarsýn sem starfshópur um nýjan sérskóla lagði til í skýrslu sinni frá 2008 ásamt áherslum varðandi húsnæði. Einnig hefur hópurinn skoðað húsnæði Öskjuhlíðarskóla út frá þörfum og gerð nemendahópsins og út frá ferli- og eldvarnarmálum.

#### Faglegar áherslur:

Í skólanum verði aldursskipt námshópakerfi í þrjú aldursstig, yngsta-, mið- og unglingsstig, sem er fyrirkomulag sem kallar á sveigjanleika á nemendasvæðum. Nemendur verða því ekki flokkaðir í námshópa eftir fötlun en jafnframt þarf að gera ráð fyrir að þörfum einstakra nemenda vegna fötlunar sinnar verði mætt. Skólabyggingunni er því skipt niður í þrjú nemendasvæði þar sem allir nemendur hafa sitt heimasvæði. Engum nemendahóp er ætlað heimasvæði í lausum kennslustofum.

Allir nemendur skólans hafa tækifæri til að njóta og taka þátt í allri þeirri starfssemi sem skólinn hefur uppá að bjóða í námi og leik. Því þurfa allir nemendur að hafa aðgang að öllum nemendarymum s.s. sérgreinastofum. Nú er bókasafn í lausri kennslustofu á lóð skólans sem torveldar aðgengi sumra nemenda að bókasafni skólans. Gert er ráð fyrir einhverri starfsemi í lausum kennslustofum þar sem í forgangi er að allir námshópar eigi sér heimasvæði í skólahúsinu. Íhuga þarf því vel hvaða starfsemi verði í lausum kennslustofum.

Námið er fjölbreytt og einstaklingsmiðað og krefst fjölbreyttra starfshátta og námsleiða sem taka mið af styrkleikum nemenda. Val og markmið námsgreina eru ólík og aðlöguð hverjum nemanda og nemendur hafa tækifæri til að hafa áhrif á eigið nám og mótun skólastarfsins. Áhersla er á mikilvægi mannauðsins og fjölbreytileika nemendahópsins og þau tækifæri sem hann skapar.

Kennarar og margbreytilegur hópur fagfólks vinnur saman í teyimum um hvert aldursstig. Innan aldursstiga hefur hver nemandi / nemendahópur sinn umsjónarkennara sem ber ábyrgð á gerð rökstuddrar einstaklingsnámskrár fyrir hvern nemanda í samráði við foreldra hans og faglega ábyrgð á námi hans og samstarfi þess fagfólks sem með nemandanum vinna.

Sérstök áhersla er lögð á list- og verkgreinar og hreyfikennslu og unnið er markvisst að því að styrkja sjálfsmynd, félags- og samskiptafærni. Mikilvægt er að aðstaða til náms og kennslu í list- og verkgreinum, íþróttum og sundi, ásamt aðstöðu til skynnáms og ýmis konar kennslu og slökunar sé aðgengileg og sniðin að þörfum allra nemenda óháð fötlun þeirra.

Í Safamýrarskóla er í dag heildstætt skólastarf, nám, sjúkrapjálfun, sund og frístund er innan daglegrar viðveru nemandans í skólahúsinu án viðbótartaksturs. Til að minnka ekki gæði þeirrar þjónustu sem nemendur njóta nú þarf að tryggja að

nemendur fá áfram sem heildstæðast skólastarf. Ljóst er að aka þarf nemendum í sund og mikilvægt er að slíkur akstur verði lágmarkaður t.d. með því að gæta að því að hafa sund í upphafi skóladags.

*Breytingar og aðlögun húsnæðis og búnaðar sem þarf að framkvæma fyrir skólabyrjun haustið 2011:*

Á svæðum aldursstiga þarf að gera breytingar á rýmum, taka niður vegg og/eða setja upp vegg.

Sérhæft kennslurými fyrir nemendur með miklar og flóknar hreyfihamlanir, fjarlægja þarf vegg að einhverju eða öllu leyti milli tveggja stofa og sameina í eina heild.

Gera þarf 2 ný salerni fyrir mikið fatlaða nemendur á sitthvoru nemendasvæði. Þegar er eitt fullnægjandi salerni á þriðja nemendasvæðinu.

Bæta þarf núverandi salernisaðstöðu við hlið stjórnunarálmu vegna mikið fatlaðra nemenda.

Setja þarf upp nýja lyftu milli hæða þannig að tvær lyftur verði í skólanum á tveimur stöðum. Lyftan þarf að vera það stór að hún taki bekk.

Setja þarf upp eina lausa kennslustofu til viðbótar við þær tvær sem nú eru við skólann.

Núverandi fundar og kennslugagnaaðstaða verði færð út í lausa kennslustofu sem tengd er við þá lausu stofu sem hýsir bókasafn skólans.

Brautir og lyftur þarf að setja upp í íþróttasal, á salernum, í einni stofu á hverju svæði aldursstiga og í sérhæfðu miðrými vegna mikið fatlaðra nemenda. Nú þegar eru til brautir sem má flytja og lyftur, en bæta þarf við þann búnað.

Hæðarstillanleg borð þarf í skólann.

Á skólalóð þarf að búa yfirbyggt svæði fyrir nemendur sem þurfa sérstakt skjól.

Leiktæki á skólalóð þarf fyrir mikið hreyfihlaða nemendur s.s. hjólastólarólu.

Fara þarf fram endurskoðun eldvarna- og ferlimála með hliðsjón af breyttum nemendahópi, af þar til bærum fagaðilum, s.s. brunatæknifræðingi. Brunatæknileg úttekt þarf að fara fram til að tryggja öryggi nemenda.

Gera þarf þær breytingar sem slík úttekt leggur til að gerðar verði.

*Sundlaug:*

Ráðist verði í byggingu varanlegrar, sérhæfðrar sundlaugar við Öskjuhlíðarskóla sem tekin verði í notkun innan tveggja ára. Þar til ný sundlaug verður tekin í notkun mun akstur aukast hjá þeim nemendum sem nú eru í Safamýrarskóla. Mikilvægt er að það ástand vari í eins stuttan tíma og kostur er þar sem slíkur akstur og umstangið í kringum hann er þessum nemendum mjög erfiður.

*Frístundastarf:*

Frístundastarf fyrir nemendur Safamýrarskóla er nú í skólanum en frístundastarf fyrir nemendur Öskjuhlíðarskóla er á vegum ÍTR. Skoða þarf sérstaklega fyrirkomulag frístundastarfs út frá breyttum nemendahóp og samsetningu hans með ÍTR ekki síðar en í janúar 2011

*Kostnaðaráætlun:*

Sú frumkostnaðaráætlun sem hér er sett fram er unnin í samræmi við ofangreindar tillögur um breytingar á núverandi skólahúsnæði Öskjuhlíðarskóla. Slíka áætlun ber að taka með miklum fyrirvara vegna margra óvissupátta. Frumkostnaðaráætlun okkar við breytingar á núverandi skólahúsnæði Öskjuhlíðarskóla er 80 – 100 milljónir. Þessi áætlun nær ekki til byggingar sundlaugar.



Reykjavíkurborg  
mannréttindaskrifstofa

Menntasvið - Skjalasafn	
13. DES. 2010	
Málsnr.:	MSR 2010 10000-1
Skjalnúmer:	7304

Reykjavík, 10. desember 2010  
R10110146

Menntasvið Reykjavíkur  
Fríkirkjuvegi 1  
B.t. Hrund Logadóttir  
101 Reykjavík

***Umsögn um tillögur starfshóps um tilhögun náms og kennslu nemenda með þroskahömlun***

Óskað hefur verið eftir umsögn Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar um skýrsluna „*Nám og kennsla nemenda með þroskahömlun*“ og þær tillögur sem í henni er að finna. Skýrslan var unnin af starfshópi um tilhögun náms og kennslu nemenda með þroskahömlun og er dagsett í desember 2010.

Mannréttindaskrifstofa lýsir ánægju sinni með tillögurnar sem eru settar fram í skýrslunni og er hér á eftir sett fram í stuttu máli rökstuðningur við þá afstöðu.

**Sameining Safamýrar- og Öskjuhlíðarskóla í nýjan sérskóla:**

Tillagan byggir á því mati skólastjórnenda Safamýrarkóla að jafn fámenmur skóli og Safamýrarskóli er orðinn geti ekki talist starfhæf eining hvorki út frá þörfum nemenda né starfsfólks. Tillaga um sameiningu skólanna í húsnæði Öskjuhlíðarskóla tekur mið af því fjárhagsumhverfi sem Reykjavíkurborg, sem og önnur sveitarfélög, býr við um þessar mundir.

**Tillaga um þáttökubekki:**

Tillaga um þáttökubekki virðist vera vel til þess fallin að styrkja almenna grunnskóla í þjónustu við nemendur með þroskahömlun og stefnu borgarinnar um skóla án aðgreiningar. Jafnframt felur tillagan í sér aukin tækifæri fyrir nemendur í almennum grunnskólum til að umgangast og starfa með nemendum með þroskahömlun sem hlýtur að vera ein leið til þess að byggja upp samfélag án aðgreiningar.

**Ráðgjöf:**


Tillaga um tvíburaskóla þ.e. samstarf sérskóla og almenns skóla ásamt því að setja á fót þáttökubekki ætti að verða til þess að þekking á kennslu nemenda með þroskahömlun aukist inni í almennum grunnskólunum. Það ætti að geta haft í för með sér myndun sterks ráðgjafarhóps sem hefur reynslu af því að vinna samkvæmt hugmyndafræðinni um skóla án aðgreiningar.

**Heildarsýn:**

Tekið er undir mikilvægi þess að hugmyndir og framtíðarsýn starfshópsins verði hluti af heildstæðri umræðu í starfshóp um endurskoðun sérkennslustefnu borgarinnar enda er slík heildarsýn í anda skóla án aðgreiningar.

Í skýrslu starfshópsins kemur fram að að skoða þurfi sérstaklega fyrirkomulag frístundastarfs nemendahópsins eftir sameiningu skólanna. Mikilvægt er að þetta sé gert með ÍTR samhliða vinnu við sameiningu þeirra.

Með kveðju



Anna Kristinsdóttir  
mannréttindastjóri